

Fiskeldi Austfjarða hf. (áður Laxar ehf.)
Strandgötu 18
735 Eskifirði

Reykjavík, 12.8.2024
UST202401-312/S.K.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit Umhverfisstofnunar þann 5. júní 2024 - Fiskeldi Austfjarða, Fiskalóni Ölfusi ID 273

Þann 5. júní sl. fór fram reglubundið eftirlit hjá Fiskeldi Austfjarða, Fiskalóni Ölfusi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Eitt eldra frávik er enn opið er varðar:

Gr. 3.4 í starfsleyfi. Aukning á svifögnum í frárennsli var yfir mörkum starfsleyfis í sýnatöku sem fór fram 16. september 2022. Þar sem mikið af fóðri var við frárennsli í eftirlitinu 2024 er ekki tilefni til að loka frávikunu.

Umhverfisstofnun óskar eftir uppfærðri úrbótaáætlun varðandi ofangreint frávik.

Tvær ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:

1. Rekstraraðila ber að skila til Umhverfisstofnunar niðurstöðum úr sýnatökumælingum frá frárennsli til Umhverfisstofnunar þegar þær berast rekstraraðila.
2. Rekstraraðila var bent á að reikna út fosfór- og niturlosun út frá sýnatökum og skila inn í ársyfirlitinu.

Fjögur frávik komu fram er varða:

1. Gr. 4.4 í starfsleyfi. Rekstraraðila ber að skila inn losun á nitri í ársyfirliti og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár.
2. Gr. 3.4 í starfsleyfi. Mismunur á sýrustigi í frárennsli var yfir mörkum starfsleyfis í sýnatökum sem fóru fram 30.5.2023 og 3.10.2023.
3. Gr. 3.4 í starfsleyfi. Gildi ammóníaks í frárennsli var yfir mörkum starfsleyfis í sýnatöku sem fóru fram 30.5.2023 og 3.10.2023.
4. Gr. 3.7 í starfsleyfi. Mikið af fóðri var í viðtaka.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 30. ágúst n.k.

Virðingarfyllst

Sigríður Kristinsdóttir
sérfræðingur

Sigríður Magnúsdóttir
sérfræðingur